

FRAMTÍÐARHÓPUR SSH NIÐURSTÖÐUR – NR. 4 INNFLYTJENDUR

Hópurinn fékk það hlutverk að kanna kosti þess að endurvekja sameiginlega þjónustu fyrir höfuðborgarsvæðið um móttöku og þjónustu fyrir innflytjendur. Þjónustu sem snýr að ráðgjöf, móttökuáætlunum, aðlögun og fræðslu til starfsfólks o.s.frv. Einnig var skoðað hvernig auðvelda megi almenna aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi.

Í upphafi fór fram greining á stöðunni og hver fulltrúi fór yfir og lýsti stöðunni í sínu sveitarfélagi. Ákveðið var að halda námsstefnu þar sem þær Hulda Karen Daníelsdóttir námsráðgjafi, Edda Ólafsdóttir félagsráðgjafi og Margrét Steinarsdóttir lögfræðingur sögðu frá reynslu sinni af málaflokknum og endað var á umræðum í hópum. Niðurstöður umræðnanna eru í fylgiskjali.

Niðurstaða hópsins er:

1. **Samvinna um fræðslu/þjálfun:** Afar mikilvægt er að fram fari samræða milli sveitarfélaga t.d. í formi málstofu ár hvert þar sem færustu sérfræðingar hverju sinni segja frá reynslu sinni úr málaflokknum. Með þessu verður til sameiginlegur vettvangur fyrir kynningar á rannsóknum, úttektum, þróunarverkefnum o.fl. ásamt miðlun á hagnýtum upplýsingum fyrir starfsmenn sveitarfélaganna er skynsamleg og gagnleg leið til að byggja upp og viðhalda ákveðinni sérþekkingu í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Hægt væri að taka fyrir ákveðin þemu/viðfangsefni í hvert skipti. Ennfremur er mikilvægt að auka færni starfsfólks með þjálfun í réttum vinnubrögðum í þjónustu við innflytjendur. Mikilvægt er að málstofan/þjálfunin sé á vegum SSH í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga til að tryggja aðkomu sem flestra aðila.
2. **Samvinna vegna túlkajónustu:** Túlkajónusta er fyrirferðarmikill þjónustubáttur í málaflokki innflytjenda. Að mörgu er að hyggja þegar túlkajónusta er nýtt og þess vegna þarf að vinna að því að samræma reglur um túlkajónustu á milli sveitarfélaga til að tryggja gæði hennar. Jafnframt þarf að tryggja fræðslu til starfsmanna hvernig vinna á með túlka.
3. **Sérfræðiteymi:** Málefni innflytjenda geta verið flókin og þess vegna er mikilvægt að hægt sé að leita til sérfræðinga í málefnum innflytjenda þegar upp koma erfið mál t.d. í tengslum við barnavernd. Lagt er til að sett verði í gang tilraunaverkefni til tveggja ára 2012-2013 þar sem sett er á fót sérfræðiteymi með lögfræðingi og sérfræðingum í málefnum innflytjenda. Mikilvægt er að tryggja aðkomu ríkisins að þessu sérfræðiteymi t.d. með kostun á lögfræðiráðgjöfinni sem oftast en ekki snýr að ráðgjöf vegna þjónustu stofnana ríkisins.

Það er sýn hópsins að með þessum aðgerðum megi bæta þjónustu við innflytjendur og styðja við þá þjónustu sem veitt er í sveitarfélögunum.

Vilhjálmur Haraldsson, Garðabær
Anna Kristinsdóttir, Reykjavík
Anna Jörgensen, Hafnarfjörður
R. María Þorsteinsdóttir, Kópavogur
Sigrún Magnúsdóttir, Seltjarnarnes
Elín Gunnarsdóttir, Mosfellsbær